

## REGLUGERÐ

### um bann við síldveiðum á Eldeyjarbanka.

#### 1. gr.

Frá kl. 20.00 þann 21. desember 1997, til 12. janúar 1998, eru allar síldveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                       |                        |
|-----------------------|------------------------|
| 1. 63°43' N- 23°20' V | 3. 63°30' N - 24°45' V |
| 2. 63°55' N- 23°45' V | 4. 63°15' N - 24°20' V |

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. desember 1997.*

**Dorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra nr. 11/1997 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1997.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1997 og nemur hann 1,0202 miðað við 1,0000 á árinu 1996.

*Reykjavík, 15. desember 1997.*

**Garðar Valdimarsson** ríkisskattstjóri.